

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Sauðárkróki



Dags eftirlits	30.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470207,042 584571,151

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Ein ábending var sett fram um að skipta þurfi um brotinn lás á gönguhurð á hliði inn á svæðið. Niðurbroti á svæðinu er ekki lokið og verður svæðið áfram undir eftirliti Umhverfisstofnunar þar til því er lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Olíubirgðastöð Olíudreifingar á Sauðárkrók hefur staðið auð síðan í apríl 2020 og er í lokunarferli. Geymar, lagnir og hús sem tilheyrðu birgðastöðinni hafa verið fjarlægð en ein olíuskilja er enn á lóðinni og verður hún staðsett þar, þangað til niðurbrotsferlinu er lokið. Rekstraraðili var látinn vita af eftirlitinu en ekki var gerð krafa um að hann yrði viðstaddur eftirlitið þar sem einungis var um vettvangsskoðun vegna lokunar að ræða.

Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Skoðunarferð vegna lokunar
- Farið yfir breytingar á svæðinu frá síðasta eftirliti
- Skoðun olíuskilju
- Önnur mál

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 og engar ábendingar voru settar fram. Þrjár olíuþræer voru í stöðinni á meðan hún var í starfsemi og voru geymar alls 5 talsins. Skv. starfsleyfi var heimilt að geyma 566 m³ af olíu samtals í geymum í pró I, 908 m³ af olíu í geymum í pró II og 925 m³ af olíu í geymum í pró III. Einnig var heimilt að taka á móti úrgangsolíu. Lóðin er á snjóflóðahættusvæði.

Lokunaráætlun fyrir stöðina var samþykkt af eftirlitsaðila þann 8. júní 2020 og fór hreinsun birgðastöðvarinnar fram í apríl 2020. Við síðasta eftirlit fannst olíumengaður jarðvegur við undantöppunarbúnað geyma 1, 2 og 3, við dæluhús og í efsta lagi sands undir öllum geymum. Mengaður jarðvegur var haugsettur í norðvestur enda lóðarinnar og er nú látinn brjóta sig þar. Virk olíuskilja er til staðar við haugsvæðið og niðurföll sitthvoru megin við hauginn.

Svæðið er afgirt og var hlið lokað þegar að var komið. Lás var brotinn á gönguhurð hliðsins og er rekstraraðila bent á að lagfæra það við fyrsta tækifæri. Gengið var meðfram girðingu við lóðina en ekki var farið inn á lóðina sjálfa þar sem aðstæður voru sýnilegar frá lóðarmörkum. Ekki var sjáanleg olíumengun á lóðinni og ekki var olíulykt að finna á svæðinu. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri lokunaráætlun og mun fylgjast með og sjá um hauginn þar til hann verður búinn að brjóta sig og að því loknu verður lóðinni skilað inn. Skv. tilkynningu frá rekstraraðila var haugunum velt við nú í haust, steinveggur fjarlægður og lóð jöfnuð. Áburður var settur í haugana og olíuskilja yfirfarin.

Engar skráningar eru í rekstrarhandbók þar sem stöðin hefur ekki verið starfrækt síðan árið 2020 og ekki gerð krafa þar um.

ÁBENDINGAR

Sett er fram ábending um að lás á gönguhurð á hliði inn á svæðið er brotinn og þarf að skipta um lásin við fyrsta tækifæri.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Minnt er á að stöðin helst innan eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar þar til frágangi lóðarinnar er lokið að fullu og eftirlitstíðnin metin skv. áhættumati sbr. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Reykjavík, 05.11.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir